



## Reglur Survive Iceland

Tilgangur Survive Iceland er fyrst og fremst að hefja aftur til vegs og virðingar hið forna aðalsmerki íslenska hestsins, þ.e. þol og úthald. Þá er tilgangurinn að auka áhuga hestamanna á þoli og þreki eigin hesta og gera þolreiðar að keppnisgrein hér á landi. Þolreið er vel til þess fallin að auka áhuga almennings sem jafnan stundar ekki hestamennsku, til að fylgjast með hestaþrótt sem er einföld og auðskiljanleg.

### Eftirfarandi reglur gilda í þessari þolreið:

1. Hestarnir skulu vera í góðri þjálfun og ekki yngri en 8 vetra. Þeir skulu vera nýlega járnaðir og í góðu ásigkomulagi.
2. Skeifur skulu vera venjulegar (átta mm) eða léttari. Nota má botna, kransa og annan búnað til að vernda hófana. Fylliefnið má þó ekki valda þyngd. Þá má nota hlífar til að verja hesta hnjaski ef vilji er til þess, að hámarki 120gr. að þyngd.
3. Knapa er heimilt að ganga með hest sinn yfir erfiða færð eða til að hvíla hestinn en verður að ríða úr hlaði og í mark.
4. Heltist hestur verulega eða sýnir merki um ofþreytu eða sjúkleika ber knapa að stöðva hest sinn og reyna eftir mætti að koma boðum til stjórnanda þolreiðarinnar um hjálp.
5. Sami knapi verður að ríða hestinum alla leið.
6. Knapa má ekki ríða með þísk eða nota nokkur önnur ráð til hvatningar sem geta talist varða við dýraverndunarlög og sjáist til hans af stjórnendum



þolreiðarinnar beita aðferðum sem teljast óeðlilegar verður hann dæmdur úr leik.

7. Knapa ber að ríða þá leið sem ákveðin hefur verið af skipuleggjendum þolreiðarinnar og verður að stöðva á fyrirfram ákveðnum eftirlitsstöðum og láta dýralækni skoða hestinn og skipta síðan um hest.
8. Hvert lið hefur þrjá hesta til keppninnar. Frjálst val er á hvaða hestur er notaður hverju sinni. Hestinum má þó aðeins ríða einn áfanga á dag.
9. Allir hestar eru skoðaðir nákvæmlega af dýralækni fyrir keppnina, þar sem skráður er hjartsláttur, öndunarhraði, meiðsli og annað athugavert, jafnframt því sem athugað er hvort hesturinn sé haltur. Þá eru athugaðar járningar. Skoðað er upp í hestana og jafnframt hvort særindi hafa hlotist af beislisútbúnaði eða hnakki.
10. Keppendur mega nota allan beislisbúnað sem er almennt notaður og viðurkenndur á Íslandi og það sama gildir um reiðver en þau mega þó ekki vera þyngri en venjulegur íslenskur hnakkur og ekki má ríða með hnakktösku.
11. Dýralæknisskoðun fer fram nákvæmlega 30 mínútum eftir að hesturinn kemur í mark og á hverri stöð og á henni ákvarðast þau refsistig sem hesturinn fær og þau bætast við þann tíma, sem hesturinn hefur farið vegalengdina á. Hvert refsistig þýðir 2 mínútur og er bætt við tímann.
12. Refsistig:
  1. Hjartsláttur:
    - a) Hjartsláttur 56-59 slög 1 refsistig.
    - b) Hjartsláttur 60-62 slög 2 refsistig.
    - c) Hjartsláttur 63-68 slög 3 refsistig.
    - d) Hjartsláttur 69-70 slög 4 refsistig.
    - e) Hjartsláttur yfir 70 slög hesturinn dæmdur úr leik.
  2. Annað:
    - a) Minni háttar áverkar (að mati dýralæknis keppninnar) 1 refsistig.



- 
- b)** Meiri háttar áverkar (að mati dýralæknis keppinnar) 2 refsistig.
  - c)** Mjög miklir áverkar hesturinn dæmdur úr leik.
    - 3.** Detti skeifa undan hesti má biðja um aðstoð ef hægt er og knapi verður var við það. Tími stöðvast á meðan. Missir skeifu þýðir tvö refsistig.
    - 4.** Sé hestur dæmdur úr leik er þátttöku hans í keppninni lokið.

[Reglurnar eru í vinnslu]